

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1981—1998.

Hinn 7. apríl 1983 staðfesti skipulagsstjórn ríkisins samkvæmt 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964 eftirfarandi breytingar á aðalskipulagi Reykjavíkur 1981—1998 (Austursvæði):

1. Breytingarnar taka til svæðis sem afmarkast af Grafarlæk og Grafarvogi að sunnan, af sjó að vestan, væntanlegum kirkjugarði að norðan en af Korpúlfsstaðaá að austan. Auk þess tekur breytingin til hæðarinnar sunnan við Engi, sem kallast Grafarholt.
2. Breytingarnar eru fólgnar í eftirfarandi:
 - a. Breytt er framkvæmdaröð frá því, sem staðfest skipulag frá 15. mars 1982 gerir ráð fyrir.
 - b. Gert er ráð fyrir, að iðnaðarsvæði verði ætlaður annar staður en AR '81—'98 kveður á um. Iðnaðarsvæði verði ákveðinn staður sunnan kirkjugarðs í stað þess svæðis austan Gufuneshöfða, sem áður var miðað við. Síðarnefnda svæðið er nú ætlað til íbúðar.

Pá er gert ráð fyrir breytingu á mörkum atvinnusvæðis austan Vesturlandsvegur.
 - c. Mörk stofnasvæðis í landi Keldna og á Keldnaholti flytjast til. Svæðið verður nú auðkennt sbr. samning við menntamálaráðuneytið, að hluta sem stofnana- og atvinnusvæði og að hluta sem íbúðarsvæði. Áður var svæði þetta auðkennt með þrennum hætti: stofnanir, stofnanir og atvinnusvæði, stofnanir og íbúðir.

Á stofnanasvæði sunnan Grafarlækjar og austan núverandi Gufunesvegur verður sú breyting, að svæðið er auðkennt sem stofnana- og atvinnuhúsnæði.
 - d. Svæði sunnan kirkjugarðs og vestan stofnana- og íbúðarsvæðis (AR '81—'98) á Keldnaholti breytist úr íbúðar- og atvinnusvæði í hreint íbúðarsvæði.
 - e. Austurmörk útivistarsvæðis á Gufuneshöfða eru færð til vesturs, en íbúðarbyggð er ráðgerð í staðinn. Mörkum og notkun útivistarsvæða á landsvæði milli stofnana- og atvinnusvæðis við Keldur og íbúðarsvæðis er breytt samkvæmt samningi. Sama á við um notkun útivistarsvæðis við Grafarlæk.
3. Núverandi aðalskipulag, uppdráttur og greinargerð, staðfest 15. mars 1982, gildir að því leyti sem ekki brýtur í bága við þá tillögu, sem hér um ræðir.

Borgarsjóður tekur á sig ábyrgð á því fjárhagstjóni, sem hugsanlegir rétthafar kunna að verða fyrir vegna þessara breytinga.

Félagsmálaráðuneytið, 13. apríl 1983.

F. h. r.
Jón S. Ólafsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.